



Kópavogi, 11. janúar 2023
22114529/211.00 RH

Efni: **Svar við fyrirspurn um kennslu ÍSAT-nemenda**

Fulltrúi samfylkingar í menntaráði Donata H. Bukowska, lagði fram eftirfarandi fyrirspurn um kennslu ÍSAT-nemenda:

Hvernig er skipulagi á stuðningi við fjöltyngda nemendur og nemendur með íslensku sem annað mál háttað í hverjum skóla fyrir sig?

1. Hver er fjöldi kennslustunda á viku?
2. Hver sinnir ÍSAT kennslu?
3. Hvar fer stuðningurinn og kennslan fram?
4. Hver er fjöldi nemenda sem fær stuðning og á hvaða formi?

Grunnskóladeild tók saman svör frá grunnskólunum við ofangreindum spurningum

1. Úthlutun til ÍSAT-nemenda fylgir reglum sem samþykktar voru í menntaráði 3. september 2020 og eru:

Nemandi sem dvalið hafa innan við 2 ár á Íslandi	3 kest. á viku
Nemandi sem hefur dvalið 2 ár eða lengur á Íslandi	0,45 kest. á viku
Að lágmarki verði úthlutað 13 kest. í hvern skóla.	

Skólaárið 2022 – 2023 var raunúthlutun til hvers skóla eftirfarandi:

Skóli	Kest. á viku
Álfhólsskóli	137
Hörðuvallaskóli	78
Kársnesskóli	77
Kópavogsskóli	95
Lindaskóli	21
Salaskóli	29
Smáraskóli	54
Snælandsskóli	69
Vatnsendaskóli	61



2. Í flestum grunnskólum bæjarins sinna svokallaðir ÍSAT-kennarar, kennslu og stuðningi. ÍSAT-kennarar eru þeir kennarar sem hafa sérhæft sig í kennslu í íslensku sem annað mál. Skólastjórar velja ÍSAT kennara innan viðkomandi skóla. Sumir þeirra hafa viðbótarmenntun á þessu sviði og/eða mikla reynslu og þekkingu í formi námskeiða og annarrar fræðslu. Ekki síst hafa þessir kennarar áhuga og metnað fyrir umbótum og þróun kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.

Verkefnastjóri og kennsluráðgjafi í málefnum ÍSAT-nemenda á menntasviði, funda reglulega með ÍSAT-kennurum í hverjum skóla og bjóða jafnframt upp á fræðslu fyrir þennan hóp kennara.

Grunnskólar	Hverjir sinna ÍSAT kennslu?
Álfhólsskóli	ÍSAT kennarar
Hörðuvallaskóli	ÍSAT kennarar og stoðkennarar og sérkennarar
Kársnesskóli	ÍSAT kennarar
Kópavogsskóli	ÍSAT kennarar
Lindaskóli	Sérkennarar
Salaskóli	ÍSAT kennari og almennir kennarar sem taka að sér að kenna ÍSAT nemendum
Smáraskóli	ÍSAT kennari
Snælandsskóli	ÍSAT kennarar
Vatnsendaskóli	ÍSAT kennarar

3. Stuðningur og kennsla fyrir nýkomna ÍSAT nemendur fer fram í ÍSAT-námsverum innan hvers skóla. Einnig fá ÍSAT nemendur stundum stuðning inn í bekk. Tveir skólar eru með ákveðnar þjálfunaraðferðir þar sem jafningjastuðningur á sér stað, annars vegar Álfhólsskóli með PALS og hins vegar Kársnesskóli með ákveðnum tímum sem kallast færnitímar þar sem talað mál er þjálfað með íslenskum bekkjarfélögum.

Grunnskólar	Hvar fer stuðningurinn og kennslan fram?
Álfhólsskóli	Í ÍSAT námsveri og í heimastofu nemanda
Hörðuvallaskóli	Í ÍSAT námsveri og heimastofu nemanda
Kársnesskóli	Í ÍSAT námsveri og heimastofu nemanda
Kópavogsskóli	Í ÍSAT námsveri og heimastofu nemanda
Lindaskóli	Í Námsveri hjá sérkennara og í heimastofu nemanda
Salaskóli	Í ÍSAT námsveri og í heimastofu nemanda
Smáraskóli	Í ÍSAT námsveri og í heimastofu nemanda
Snælandsskóli	Í námsveri hjá sérkennurum og hjá öllum kennurum sem ber að huga vel að ÍSAT nemendum



Vatnsendaskóli	Í námsverum stiga (yngsta stig, miðstig og unglingastig) í fámennum kennslu-hópum og hjá stuðningskennara inn í bekk.
----------------	---

4. Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram fjöldi nemenda í hverjum skóla sem fær stuðning. Þar kemur fram skipting eftir stigum. ÍSAT-kennarar í Kópavogi eru jafnframt að hefja innleiðingu á endurskoðuðum kafla um íslensku sem annað mál í Aðalnámskrá grunnskóla. Þar er settur fram hæfnirammí sem unnið skal eftir við skipulag kennslu. [Hæfnirammarnir](#) eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Römmunum er ætlað að lýsa hæfni sem krafist er í notkun íslensku á öllum sviðum tungumálanáms. Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur stöðu hans í íslensku. Hæfnirammí skiptist í 4 stig þ.e. forstigi og 1. – 3. stigs.

Fjöldi nemenda sem fær stuðning í hverjum grunnskóla er:

Grunnskólar	Hver er fjöldi nemenda sem fær stuðning og á hvaða formi
Álfhólsskóli	33 nemendur á forstigi. 78 nemendur á 1.,2. og 3. stigi
Hörðuvallaskóli	11 nemendur á forstigi. 52 nemendur á 1.,2. og 3 stigi
Kársnesskóli	10 nemendur á forstigi. 45 nemendur á 1.,2,og 3 stigi
Kópavogsskóli	21 nemandi á forstigi. 7 nemendur á 1.,2. og 3 stigi
Lindaskóli	1 nemandi á forstigi. Á 1. stigi eru 7 nemendur, 2. stigi 5 nemendur og 3. stigi 20 nemendur
Salaskóli	1 nemandi á forstigi. Á 1. stigi eru 7 nemendur, 2. stigi 5 nemendur og 3. stigi 20 nemendur
Smáraskóli	8 nemendur á forstigi. 71 nemandi á 1.,2.og 3 stigi
Snælandsskóli	23 nemendur á forstigi. 50 nemendur á 1.,2. og 3 stigi
Vatnsendaskóli	13 nemendur eru á forstigi. 36 nemendur eru á 1.,2. og 3 stigi

Virðingarfyllt,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar